

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík nr. 515 28. nóvember 1988.

Stjórn Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 28. nóvember 1988:

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 9 fulltrúa og eru þeir þannig valdir:

Stofnaðilar tilnefna hver um sig tvo fulltrúa og einn til vara til tveggja ára í senn.

Stjórn Landspítala - Háskólasjúkrahúss skal boðið að tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara og stjórn Reykjalundar einn fulltrúa og einn til vara, til setu í ráðinu til tveggja ára.

Skylt er að boða varamenn til funda með málfrelsi og tillögurétti.

Sinni einhver aðilinn ekki tilnefningu tilskilins fjölda í ráðið, skulu fulltrúar tilnefna í þeirra stað, svo að ráðið verði fullskipað.

Val fulltrúa í ráðið skal fara fram eigi síðar en í marsmánuði annað hvert ár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Boga Th. Melsteð sagnfræðingi og var skipulagsskrá fyrir hann staðfest 13. október 1914.

Nafn sjóðsins er: Ævinlega erfingjarenta Sigríðar Melsteð. Ný skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest þann 24. júlí 1998.

2. gr.

Eign sjóðsins er: 17.812.587 kr.

Stofnfé að fjárhæð er kr. 598.000 og skal hún haldast óskert.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtast á sem tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki og styrkja fólk í erfiðleikum.

Rétt til styrkja hafa afkomendur Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur frá Framnesi, Skeiðum.

Einnig má nota sjóðinn til að efla kynni meðal ættingja og styrkja mannfagnaði á vegum ættarinnar.